

Háskólinn á Hólum í Hjaltadal  
Hólum í Hjaltadal  
551 Sauðárkrókur

Akureyri, 14.11.2024  
UST202401-218/G.S.Á.  
08.12.02

### Efni: Reglubundið eftirlit þann 15.11.2024 - Hólaskóli, Hjaltadal ID58

Þann 15. nóvember sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskeldisstöð Hólaskóla, Hjaltadal ID58. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.**

#### Fjögur frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Taka skal sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak og í útrás frárennslis á a.m.k. þriggja ára fresti. **Síðustu mælingar voru gerðar árið 2020.**
2. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Mæla skal magn heildarfosfórs og heildar köfnunarefnis a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun og hins vegar við lágmarksfóðrun. **Síðustu mælingar voru gerðar árið 2020.**
3. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. **Ársyfirliti fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.**
4. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal skila grænu bókhaldi til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. **Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.**

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 5. desember 2024.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Freyr Ævarsson  
sérfræðingur